

1. Fjöldi sýna

- Um fjölda sýna skal hafa samráð við dýralækni alifuglasjúkdóma (sími 530 4800).
- Í hjörðum þar sem aldar eru fleiri en ein fuglategund saman, skal taka sýni úr öllum tegundum.

2. Eyðublöð

- Eyðublöð/ fylgiblöð sem fylla skal út og fylgja eiga sýnum að Keldum er að finna á heimasíðu Tilraunastöðvarinnar (www.keldur.hi.is).

3. Aðferð við blóðtöku og meðferð sýna

- Blóðtaka úr fuglum er gerð á innanverðum væng (*vena cutanea ulnaris superficialis*), annað hvort með stungu í æðina þar sem sögið er upp í glas/ sprautu, eða með langsskurði eða stungu á æðina og látið drjúpa í glas.
- Taka skal að lágmarki 2 ml blóðs í sermisglas.
- Glösin skulu geymd við stofuhita uns þau eru send til rannsóknarstofu.
- Blóðsýni skulu send samdægurs til rannsóknarstofu.
- Þýðingarmikið er að þessum leiðbeiningum um meðferð blóðsins sé fylgt.

4. Pökkun blóðsýna

- Blóðsýnum skal pakka í hentugar umbúðir, t.d. frauðplastbakka eða kassa, sem síðan er pakkað inn í plastpoka og umslag og þannig frá þeim gengið að þau verði ekki fyrir hnjaski á leiðinni.
- Með sendingunni skal fylgja útfyllt rannsóknarbeiðni, sem pökkuð er sérstaklega inn þannig að hún komist ekki í snertingu við sýnin.

5. Pökkun fugla til krufningar

- Taka skal heila nýdauða fugla og senda inn að lágmarki 10 stykki.
- Nota skal hlífðarfatnað (grímur, hanska, stígvél og samfestinga) og pakka hverjum fugli inn.
- Fyrst er fuglunum pakkað inn í dagblöð, eða annan rakadrægan pappír, síðan í tvo lekahelda plastpoka og setja síðan fuglana í kassa með rakadrægu efni og merkja rækilega.
- Geyma skal sendinguna í kæli, bæði fyrir sendingu og á leiðinni. Ef kæliaðstaða er ófullnægjandi skal leggja kælihylki með fuglunum.
- Með sendingunni skal fylgja útfyllt rannsóknarbeiðni, sem pökkuð er sérstaklega inn þannig að hún komist ekki í snertingu við sýnin.

6. Sending blóðsýna og fugla til krufningar

- Hafa skal samband við Keldur áður en sýnin eru send. Símanúmerið er 585 5100 og tengiliður er Vilhjálmur Svansson (893 6777).
- Merkið sendinguna með eftirfarandi áletrun og fyllið út fylgiseðil með nauðsynlegustu upplýsingum og límið hann utan á kassann:

**Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum,
v/ Vesturlandsveg, 112 Reykjavík, s. 585 5100
b.t. Vilhjálms Svanssonar (893 6777)
Nafn og heimilisfang sendanda:**